

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuháttar, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum*

## Tímabundið starfsleyfi fyrir útisamkomu \_\_\_\_\_(dags, mán, ár)

### 1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Útisamkoma er samkoma sem haldin er utanhúss vegna hátíðahalda eða skemmtana fyrir almenning, á stöðum sem ekki hafa starfsleyfi. Útisamkomur skiptast í eftirfarandi flokka:
  - Útisamkomur með tjaldsvæði
  - Bæjarhátiðir og samsvarandi samkomur
  - Útisamkomur á takmörkuðu svæði og standa yfir í meira en 3 klst.Útisamkomur (tónleikar, fundahöld, skruðgöngur o.p.h.) á takmörkuðu svæði, sem taka allt að 3 klst. eru ekki starfsleyfisskyldar.
- 1.2 Þess skal sérstaklega gætt við staðsetningu samkomusvæðis að gestir verði ekki fyrir ónæði frá umhverfinu og ónæði berist ekki frá samkomusvæði til nálægra íbúðasvæða.
- 1.3 Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða samkomuhaldinu s.s. sölu veitinga eða sölutjöld, flugelda og brennur gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
- 1.4 Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.
- 1.5 Fjöldi snyrtингa skal vera í samræmi við fylgiskjal 2 í hollustuháttareglugerð nr. 941/2002. Á bæjarhátiðum er heimilt að taka tillit til aðgengi almennings að snyrtингum sem fyrir eru á svæðinu, þegar fjöldi útisalerna er áætlaður. Taka skal mið af þörfum fatlaðra við staðsetningu og stærð snyrtингa.
- 1.6 Rekstraraðili ber ábyrgð að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum.

### 2. Matvæli

- 2.1 Fara skal að ákvæðum matvælareglugerðar um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.

### 3. Húsnæði og búnaður

- 3.1 Húsnæði skal vera vel við haldið. Húsnæði skal vera aðskilið frá óskyldri starfsemi eða íbúð.
- 3.2 Á svæðinu skal vera aðstaða til upphvotta við tjaldsvæði.
- 3.3 Gestir eiga að hafa greiðan aðgang að fullbúinni snyrtингu. Um fjölda snyrtингa er vísað í fylgiskjal 2 í reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti.
- 3.4 Gólfþlötur salernisrýmis skal vera minnst  $1,2 \text{ m}^2$  og  $3,3 \text{ m}^2$  fyrir hreyfihamlaða, loftræst með opnanlegum glugga eða vélrænni loftræsingu.
- 3.5 Þar sem skilrúm salernisklefa ná ekki niður að gólfí og upp að lofti skulu salernisrými vera aðgreind fyrir karla og konur.
- 3.6 Ræstiaðstaða skal vera til staðar, loftræst og með skolvaski eftir því sem við verður komið. Þar skal vera nægilegt geymslurými fyrir ræstiáhöld og efnavöru.

#### 4. Hreinlæti og þrif

- 4.1 Rekstraraðili skal sjá um að umgengni sé góð og samkomusvæðinu haldið snyrtilegu.
- 4.2 Svæðið skal þrifið jafnóðum og eigi sjaldnar en daglega. Í lok útisamkomu skal rekstraraðili láta fara fram allsherjarhreinsun á svæðinu, fjarlægja allt rusl og þau mannvirki sem notuð voru sérstaklega vegna útsamkomunnar.
- 4.3 Rekstraraðili skal sjá um að snyrtingar séu þrifnar og tæmdar reglulega.

#### 5. Leiksvæði

- 5.1 Fara skal eftir reglugerð 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim.

#### 6. Umhverfismál

- 6.1 Svæðið skal vera hreint og snyrtilegt og almenn öryggissjónarmið uppfyllt.
- 6.2 Reglur um akstur á svæðinu skulu vera sýnilegar og akstursleiðir afmarkaðar.
- 6.3 Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og auka endurnýtingu eða endurvinnslu úrgangs.
- 6.4 Leitast skal við að nota umhverfisvæn efni til þrifa o.p.h. þar sem því verður við komið og forðast óþarfa notkun á efnavöru.
- 6.5 Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á.

**Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftifarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:**

Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, reglugerð nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim, reglugerð nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 933/1999 um hávaða, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, reglugerð nr. 236/1990 um flokkun og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni og byggingarreglugerð nr. 441/1998.

**Atvinnugreinaflokkur (ISAT): 92.34 Önnur ótalin menningar- og afþreyingarstarfsemi**

**Leiðbeiningar varðandi umsókn**

- Sækja skal um starfsleyfi til heilbrigðisnefndar fyrir útisamkomu ef samkoman fer yfir 3 klst. sbr. I-III í ofangr. skilgreiningu.
- Umsókn skal berast heilbrigðisnefnd minnst þremur vikum fyrir útisamkomu.
- Í umsókn skulu hið minnsta koma fram upplýsingar um eftirfarandi atriði:
  - a Nafn, kennitala heimilisfang og símanúmer umsækjanda (rekstrarhafa og umsjónarmanns).
  - b Tímasetning úтиhátiðar og afstöðumynd svæðis.
  - c Áætlaður fjöldi gesta.
  - d Vottorð sem sýni gæði neysluvatns ef vatnsveita er ekki með starfsleyfi.
  - e Fjöldi snyrtингa og staðsetning þeirra. Mögulegur aðgangur að snyrtингum ef útisamkoman er haldin í þéttbýliskjarna. Þjónusta við snyrtингar, s.s. þrif og losun . nafn þjónustuaðila.,
  - f Fjöldi ruslabiða ,staðsetning og þjónusta við þær.
  - g Áætlun um hreinsun svæðis meðan á samkomu stendur og eftir að samkomuhaldi lýkur.
  - h Bílastæði og umferð farartækja um samkomusvæðið.
  - i Næturlysingu á svæðinu.
  - j Aðstaða til aðhlynningar
  - k Annað sem umsækjandi eða leyfisveitandi vill koma að.